



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík - Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

13. fundur haldinn fimmtudaginn 9. júní '77 kl. 20⁰⁰.

Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson, Guðrún Sigurðardóttir, Ómar Bjarnþórsson, Ingvar Jóhannsson, Eggert Ólafsson, Jón Hólmgeirsson, Hreinn Ásgrímsson, Jón Böðvarsson og Ingólfur Halldórsson.

1. Innritun. 45 nemendur útskrifuðust úr skólanum í vor, en 250 voru skráðir á vorönn. Áætlað er að 25 hætti námi og verða þá 180 nemendur af þessum 250 áfram næsta vetur. 259 nýir nemendur hafa innritast fram til 9. júní (en 33 hafa bæst við síðan). Skipting nýnema er þannig:

Vélstjórabraut	19	nemar
Verkbrautir: a) í málmíðnum	39	-
b) í tréíðnum	20	-
c) í hársnyrtingu	14	-
Fiskvinnslubraut	2	-
Samningsbundið iðnnám: a) 2. áfangi	50	-
b) 3. áfangi	7	-
Heilsugæslubraut	28	-
Uppeldisbraut	26	-
Viðskiptabraut	35	-
Menntaskólabraut	50	-
Óákveðnir	2	-
	292	nemar

2. Samþykkt var að fara með líkanið af nýbyggingunum á fund bygginganefndar Keflavíkur og fá umsögn hennar um staðsetningu. Meirihluti skólanefndar er fylgjandi því að húsið verði staðsett uppi á hæðinni ofan við íþróttahúsið-

3. Húsnæðismál: Talið er að á haustönn vanti 5 kennslustofur til viðbótar þeim sem notaðar voru á síðustu önn. Það er eindregin ósk skólanefndar Fjölbautaskólans að Höflavíkurbær og ríkissjóður sjái sér fært að koma upp bókasafni- og lestraraðstöðu til frambúðar í húsnæði Gagnfræðaskólans þar sem nemendur beggja skólanna fengju lestraraðstöðu næsta vetur. Við það fengjust þrjár stofur til kennslu og minnkaði það mjög húsnæðisvandráðin á komandi vetri hjá báðum skólunum.

4. Menntamálaráðherra hefur falið skólameistara að gera tillögur um skipulag náms fyrir flugmenn og fluglírkja í samráði við flugmálastjóra og loftferðaeftirlitið.

5. Skólanefnd er hlynnt því að boðið verði upp á námskeið í stillingu og meðferð fiskvinnsluvéla. Þetta yrði valgrein og starfandi fólki í fiskiðnaði verði boðin þáttaka í slíku námskeiði.

6. Kennararáðningar: Ákveðið að auglýsa nokkrar lausar kennarastöður.

7. Tilkynningar: a) Skáksveit skólans sigraði í skákkeppni stofnana á Suðurnesjum.

b) Menntamálaráðuneytið hefur óskað eftir umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla, sem lagt var fyrir alþingi í vor. Skólameistara falið að svara fyrir 1. júlí og lýsa yfir skýlausu fylgi við frumvarpið og skólastefnuna sem þar birtist.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Ingólfur Halldórsson
fundarritari.